

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 129 13. mars 1978, um þorskfisknet ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal árið 1983 heimilt að nota net sem standast mál samkvæmt eldri reglum um mælingu möskva sbr. reglugerð nr. 120/1978.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. janúar 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið.

1. Einstefnuakstur verður á Grundarstíg til suðurs frá Bjargarstíg og Hellusundi.
2. Einstefnuakstur verður á Hellusundi til austurs frá Grundarstíg að Bergstaðastræti.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. janúar n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. janúar 1983.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um Starfsmannaráð Póst- og símamálastofnunarinnar.

1. gr.

Hjá Póst- og símamálastofnun skal vera starfsmannaráð skipað á eftirfarandi hátt:

- a) Framkvæmdastjórar aðaldeilda Póst- og símamálastofnunarinnar (fjármáladeild, tæknideild, umsýsludeild og viðskiptadeild) og umdæmisstjóri í Umdæmi I.
- b) Formaður Félags íslenskra símamanna og einn fulltrúi tilnefndur af félaginu.
- c) Formaður Póstmannafélags Íslands. Auk þess einn fulltrúi tilnefndur af félaginu með málfrelsi og tillögurétt.
- d) Formaður Félags háskólamenntaðra póst- og símamanna og hefur hann atkvæðisrétt, þegar fjallað er um stöður, þar sem krafist er háskólamenntunar, svo og um stöður framkvæmdastjóra- og umdæmisstjóra og einnig í öðrum málum.